

Bogi Nils Bogason
Icelandair ehf.
Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík

20. september 2021

Sæll Bogi.

Trúnaðarráð Eflingar – stéttarfélags fékk á fundi sínum þann 16. september sl. kynningu á máli Ólafar Helgu Adolfsdóttur, stjórnarmanns í Eflingu og trúnaðarmanns Eflingarfélaga sem starfa í hlaðdeild á Reykjavíkflugvelli.

Ólöf var í miðjum viðræðum við fyrirtæki þitt um réttindamál starfsfólks þegar henni var án undangenginnar áminningar sagt upp með ásökun um trúnaðarrest í starfi. Ólöf var ekki aðeins félagslegur trúnaðarmaður heldur einnig öryggistrúnaðarmaður. Fyrirtæki þínu var fullkunnugt um stöðu Ólafar sem trúnaðarmaður, líkt og lögmaður Eflingar hefur tíundað með skýrum hætti í bréfaskiptum. Enginn fótur er fyrir ásökunum á hendur Ólöfu um trúnaðarrest.

Ólöf sjálf hefur með milligöngu lögmanns Eflingar komið á framfæri þeirri kröfu að uppsögn hennar verði dregin til baka og henni gert mögulegt að snúa aftur í sitt fyrra starf. Hún hefur lýst sig reiðubúna til að láta öll eftirmál af uppsögn hennar niður falla verði þessari sanngjörnu og hæversku kröfu mætt. Undir þessa kröfu hafa vinnufélagar hennar tekið einum rómi í áskorun sem þeir sendu þér þann 6. september sl.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi trúnaðarráðs sl. fimmtudag:

Við, meðlimir í Trúnaðarráði Eflingar, lýsum yfir fullri samstöðu með félagar okkar Ólöfu Helgu Adolfsdóttur trúnaðarmanni Eflingarfélaga í hlaðdeild á Reykjavíkflugvelli.

Við mótmælum því að Icelandair hafi sagt henni upp störfum á sama tíma og hún var sem trúnaðarmaður í viðræðum við fyrirtækið fyrir hönd vinnufélaga sinna um kjaramál þeirra. Slíkt er ólöglegt og felur í sér árás á félagsleg réttindi verkafólks.

Við lýsum einnig stuðningi og samstöðu með baráttu vinnufélaga Ólafar. Þeir hafa slegið skjaldborg um hana og þannig um leið réttindi okkar allra. Þeir hafa sýnt Ólöfu að hún stendur ekki ein og við sýnum hlaðmönnum á Reykjavíkflugvelli að þeir standa ekki einir.

Atlaga að einum er atlaga að öllum.

Ég hvet þig til að gera hið rétta í málinu.

Virðingarfyllst,

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður Eflingar – stéttarfélags

